

# Umsókn um greiðslumat fyrir húsnæðislán



Eftirfarandi gögnum ásamt undirritaðri umsókn þarf að skila inn fyrir greiðslumat hjá Íslandsbanka

- Skattskýrsla síðasta árs (sótt af [www.skattur.is](http://www.skattur.is) eða staðfest af löggiltum endurskoðanda).
- Sé um eigin rekstur að ræða þarf að skila inn yfirliti úr staðgreiðsluskrá fyrir síðustu tvö árin (aðgengilegt á [www.skattur.is](http://www.skattur.is)).
  - Ef sýna á fram á arðgreiðslur og hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri þarf að framvísa skattframtölum sl. þriggja ára.
- Yfirlit frá innheimtumanni Ríkissjóðs um skuldastöðu (aðgengilegt á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) en einnig er hægt að senda fyrirspurn á [fyrirspurn@tollur.is](mailto:fyrirspurn@tollur.is)).
- Upplýsingar um meðlag og barnabætur (aðgengilegt á [www.tr.is](http://www.tr.is) / [www.skattur.is](http://www.skattur.is)).
- Launaseðlar/lífeyrir/bætur síðustu þriggja mánaða.
  - Ef um er að ræða tekjur frá Tryggingastofnun þarf að framvísa greiðsluáætlun.
- Afrit af síðasta greiðsluseðli allra lána umsækjenda (aðgengilegt undir Rafræn skjöl í netbanka).
- Yfirlit yfir greiðsludreifingar og kortalán vegna kreditkorta.
- Staðfesting á fé sem nota á til fasteignakaupa t.d. bankayfirlit (athuga þó binditíma reikninga).
  - Styrkifirlýsing þarf að fylgja með ef um styrk er að ræða ásamt staðfestingu á fé (styrkifirlýsingin er aðgengileg hér: [www.islandsbanki.is/einstaklingar/lan/husnaedislan/greidslumat/fylgiskjol](http://www.islandsbanki.is/einstaklingar/lan/husnaedislan/greidslumat/fylgiskjol)).
- Verðmat/kauptilboð og söluyfirlit unnið af löggiltum fasteignasala.
  - Kauptilboð þarf að vera vottað og undirritað af kaupendum og seljendum.
  - Söluyfirlit eignar sem stendur til að kaupa skal fylgja með kauptilboði í öllum tilvikum.
- Veðbókarvottorð þeirrar eignar sem verið er að kaupa (aðgengilegt hjá fasteignasala en Íslandsbanki getur útvegað gegn gjaldi).
- Veðbókarvottorð allra fasteigna í eigu umsækjenda (Íslandsbanki getur útvegað gegn gjaldi).
- Ef um hjónaskilnað er að ræða þarf fjárskipta- og skilnaðarsamning staðfestan af sýslumanni.
  - Ef um sambúðarslit er að ræða þarf staðfestingu á skiptingu eigna og skulda sem undirrituð er af báðum aðilum (ef einungis er um að ræða veðskuldir á eign sem er í eigu beggja aðila þarf ekki að skila inn staðfestingu)
- Undirritað umboð til að óska eftir fjárhagslegum upplýsingum (Íslandsbanki útvegar gegn gjaldi).

## Grunnupplýsingar:

Nafn umsækjanda 1:	Kennitala:
Netfang:	Sími:
Nafn umsækjanda 2:	Kennitala:
Netfang:	Sími:

Fjöldi barna á framfæri: \_\_\_\_\_ Þar af í leikskóla/dagvist: \_\_\_\_\_ Þar af á frístundaheimili eftir skóla: \_\_\_\_\_ Þar af í skólamáltíð: \_\_\_\_\_

Fjöldi bíla í rekstri: \_\_\_\_\_

## Tegund láns/lána sem sótt er um:

### Húsnæðislán A (<70% af fasteignamati)

- Verðtryggt húsnæðislán með vaxtaendurskoðun
- Verðtryggt húsnæðislán með breytilegum vöxtum
- Óverðtryggt húsnæðislán með breytilegum vöxtum
- Óverðtryggt húsnæðislán með föstum vöxtum í 3 ár
- Óverðtryggt húsnæðislán með föstum vöxtum í 5 ár

### Húsnæðislán B (>70% af fasteignamati <80% kaupverði)

- Verðtryggt viðbótarlán með vaxtaendurskoðun
- Verðtryggt viðbótarlán með breytilegum vöxtum
- Óverðtryggt viðbótarlán með breytilegum vöxtum
- Óverðtryggt viðbótarlán með föstum vöxtum í 3 ár
- Óverðtryggt viðbótarlán með föstum vöxtum í 5 ár

### Greiðslufyrirkomulag:

- Upphæð: \_\_\_\_\_
- Upphæð: \_\_\_\_\_
- Jafnar greiðslur (annuitet) \_\_\_\_\_
- Jafnar afborganir \_\_\_\_\_
- Lánstími í árum (allt að 40 ár): \_\_\_\_\_

### Greiðslufyrirkomulag:

- Upphæð: \_\_\_\_\_
- Upphæð: \_\_\_\_\_
- Jafnar greiðslur (annuitet) \_\_\_\_\_
- Jafnar afborganir \_\_\_\_\_
- Lánstími í árum (allt að 25 ár): \_\_\_\_\_



EY-5753 - 09042018

- Lán vegna fyrstu kaupa:
- Skuldabréfalán (útibúalán):
- Lífeyrissjóðslán, hvaða lífeyrissjóður: \_\_\_\_\_
- Tegund:  Verðtryggt  Óverðtryggt
- Trygging:  Án tryggingar  Með tryggingu

#### Greiðslufyrirkomulag:

- Upphæð: \_\_\_\_\_
- Lánstími í árum: \_\_\_\_\_
- Vaxtakjör: \_\_\_\_\_
- Jafnar greiðslur (annuitet)
- Jafnar afborganir



**Annað:** Vinsamlegast tilgreinið hvort um kaup, sölu eða endurfjármögnun er að ræða. Einnig hvort eða hvaða skuldir á að greiða upp.

Ég heimila / við heimilum að reikningur: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_  
verði skuldfærður fyrir kostnaði vegna greiðslumats hjá Íslandsbanka samkvæmt gildandi verðskrá sem ég hef/við höfum kynnt mér/okkur.

#### Kostnaður vegna greiðslumats lána hjá Íslandsbanka:

Einstaklingar: 9.500 kr. Hjón / sambúð: 13.500 kr. Veðbandayfirlit: 1.550 kr, (1 stk.)

Kostnaður vegna greiðslumats lána frá öðrum en Íslandsbanka: Veðbandayfirlit: 1.550 kr, (1 stk.)

Einstaklingar: 14.000 kr. Hjón/sambúð: 20.000 kr.

Verði af lántöku óska ég/við eftir að reikningur: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_  
verði skuldfærður fyrir mánaðarlegum afborgunum lánsins/lánanna.

Ég lýsi/við lýsum því yfir að framangreindar upplýsingar eru réttar. Jafnframt gef ég/gefum við banka/sparisjóði leyfi til að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu mína/okkar hjá bönkum, sparissjóðum, öðrum fjármálafyrirtækjum, opinberum stofnunum og lífeyrissjóðum.

Sbr. hjálagt umboð til að óska eftir fjárhagslegum upplýsingum.

Staður

Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ)

Undirskrift og kennitala umsækjanda

Undirskrift og kennitala umsækjanda

**Vinsamlega athugið að vextir á húsnæðislánum Íslandsbanka hf. taka mið af fjármagnskostnaði bankans hverju sinni sem er breytilegur milli tímabila. Endanlegir vextir á húsnæðisláni vegna umsóknar þessarar fara eftir gildandi vöxtum húsnæðislána bankans á þeim tíma sem lánsúmsókn hefur verið samþykkt og endanlegir lánaskilmálar undirritaðir.**

**Vakin er athygli á því að útreikningur á greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána miðast við vaxtakjör eins og þau eru þegar greiðslumatið er gert.**

Greiðslubyrði óverðtryggðra lána með breytilega vexti getur verið mismunandi á lánstímanum eftir því hver vaxtakjörin eru hverju sinni og ef mikil hækkun verður á vaxtakjörum, svo sem í kjölfar hækkunar á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, getur greiðslubyrði lánsins hækkað umstálvert. Óverðtryggðum lánnum með breytilega vexti fylgir því sú áhætta að greiðslubyrði og heildargreiðslur geti á lánstímanum orðið talsvert hærri en greiðslumatið og yfirlit um framtíðargreiðslur gera ráð fyrir. Lántökum er bent á að nota mismunandi vaxtaforsendur í reiknivélum á vefnum til þess að glöggva sig nánar á áhrifum vaxtahækkana.

**Vakin er athygli á því að greiðslumat vegna verðtryggðra húsnæðislána tekur ekki tillit til verðbólgu eða breytinga á vöxtum á lánstímanum.**

Greiðslubyrði verðtryggðra lána er háð breytingum á visitölu neysluverðs til verðtryggingar sem mælir verðlagsbreytingar. Ef verðlag hækkar, geta mánaðarlegar greiðslur verðtryggðra lána orðið talsvert hærri en greiðslumatið og yfirlit um framtíðargreiðslur sýnir. Einnig getur höfuðstóll verðtryggðra lána hækkað á lánstímanum þótt greitt sé af lánunum mánaðarlega. Séu vextir verðtryggðra lána breytilegir hafa breytingar á vaxtakjörum, svo sem í kjölfar stýrivaxtahækkunar Seðlabanka Íslands einnig áhrif á greiðslubyrði. Verðtryggðum lánnum fylgir því sú áhætta að bæði höfuðstóll lánsins, greiðslubyrði og heildargreiðslur geta á lánstímanum orðið talsvert hærri en greiðslumatið og greiðsluyfirlit gera ráð fyrir. Lántökum er bent á að nota mismunandi verðbólguforsendur í reiknivélum á vefnum til þess að glöggva sig nánar á áhrifum verðlagshækkana.

#### Útfillist af starfsmanni Íslandsbanka:

Yfirfarið af tveimur starfsmönnum og staðfesting á því að öll gögn séu til staðar:

Lánshæfismatsnúmer: \_\_\_\_\_

Lánshæfismatsnúmer: \_\_\_\_\_

Staðfesting starfsmanns: \_\_\_\_\_

Staðfesting starfsmanns: \_\_\_\_\_

Ég undirritaður/við undirrituð veiti/veitum Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160 og/eða Ergo fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka, kt. 490503-3230 fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir stöðu allra innlána og útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég/við/félagið nú stend/stöndum/stendur í við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, Íbúðalánasjóð eða aðrar fjármálastofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum fjárskuldbindingum mínum/okkar, þ.á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Þá tekur umboðið einnig til öflunar upplýsinga um skuldir við innheimtumann ríkissjóðs, sveitarfélög og aðra opinbera innheimtuaðila.

Umboðið nær einnig til þess að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt/okkar/félagsins til Creditinfo Lánstrausts hf. sem og að kalla eftir yfirliti frá fjármálastofnunum vegna framangreindra fjárskuldbindinga í gegnum Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. (hér eftir nefnt yfirlitið). Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats. Ég undirritaður/við undirrituð heimila/heimilum Íslandsbanka og/eða Ergo fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka sjálfvirka vöktun á lánshæfismati mínu og því hvort orðið hafi breytingar á skráningu minni/okkar á vanskilaskrá Creditinfo. Vöktunina má viðhafa í gegnum Viðskiptamannavakt Creditinfo.

Nánari upplýsingar um lánshæfismat, Skuldastöðukerfi og Viðskiptamannavakt Creditinfo Lánstrausts hf. má finna á [www.creditinfo.is](http://www.creditinfo.is).

Ég undirritaður/við undirrituð samþykki/samþykkjum að yfirlitið, vöktunin og/eða lánshæfismatið verði notað, þ.m.t. vistað, við ákvörðunartöku í tengslum við lánsviðskipti, eftirlit í tengslum við slík viðskipti, boð um tiltekin kjör og ný viðskipti og í öðrum þeim tilvikum þegar Íslandsbanki hf. og/eða Ergo hefur lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga.

Jafnframt veitir umboðið Íslandsbanka og/eða Ergo heimild til að sækja (á grundvelli kennitölu ef með þarf) upplýsingar um eignastöðu mína/félagsins, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, sem miðlað er af Creditinfo Lánstraust hf. og sóttar í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofu) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna skv. 4. tl. 1.mgr. 2. gr. nr. 77/2000.

Einnig nær umboðið til öflunar upplýsinga frá skattayfirvöldum. Umboðið heimilur bankanum að fá upplýsingar um launatekjur úr staðgreiðsluskrá allt að tveimur árum aftur í tíma frá því óskað er eftir þeim samkvæmt umboði þessu, skattframtali síðustu þriggja ára auk heimildar til þess að afla upplýsinga um niðurstöðu álagningar síðustu þriggja ára. Heimild til öflunar upplýsinga frá skattayfirvöldum gildir í 180 daga frá dagsetningu umboðs. Heimilt er að afla allra ofangreindra upplýsinga með rafrænum hætti. Upplýsingarnar eru notaðar við vinnslu á lánshæfis- og/eða greiðslumati viðskiptavinar og mun Íslandsbanki taka við upplýsingunum og varðveita þær með öðrum upplýsingum mínum. Ég undirritaður/við undirrituð heimilum að Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka fái framangreindar upplýsingar við vinnslu á lánshæfis- og/eða greiðslumati mínu hjá Ergo og að Ergo varðveiti þær með öðrum upplýsingum mínum.

Ef félag tilheyrir samstæðu er einnig heimilt að sækja allar ofangreindar upplýsingar um öll félög sem tilheyra samstæðunni, allt eins og viðskiptabeiðni gefur tilefni til.

Umboð þetta, nema hvað varðar upplýsingar sem sóttar eru til skattayfirvalda, er í gildi á meðan Íslandsbanki hf. og/eða Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka hafa lögvarða hagsmuni af notkun þeirra upplýsinga sem fram koma í yfirlitinu og/eða lánshæfismatinu. Íslandsbanka hf. og Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka er heimilt á hverjum tíma að sækja upplýsingar um uppfært lánshæfismat, sem og uppfærslu annarra upplýsinga sem umboðið nær til, á meðan umboð þetta er í gildi, svo sem vegna nýrrar viðskiptabeiðni, beiðni um breytingar á fyrri viðskiptasamningum og eftirlits með lánasafni. Viðskiptavinur getur afturkallað umboðið hvenær sem hann óskar og tekur afturköllunin gildi næsta virka bankadag eftir að hann tilkynnir bankanum og/eða Ergo um afturköllun með skriflegum og sannanlegum hætti. Þrátt fyrir afturköllun umboðsins er Íslandsbanka hf. og Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka þó áfram heimilt að afla allra framangreindra gagna að því leyti sem nauðsynlegt er vegna þeirra skuldbindinga sem stofnað hefur verið til við Íslandsbanka hf. og eru í gildi þegar afturköllun er tilkynnt.

Staður

Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ)

Nafn:

Kt:

Nafn:

Kt:

Undirritun (Nafn og kennitala)

Undirritun (Nafn og kennitala)

**Vottar að undirritun:**

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

**Móttakið f.h. Íslandsbanka hf. / Ergo:**

Undirskrift

